

L Ö G

15

25. jan.

um stofnun sildarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa sildarverksmiðju einhversstaðar á svæðinu frá Hornbjargi að Langanesi, að fengnum tillögum sildarútgerðarmanna um staðinn (sbr. 2. gr.), enda geti sú verksmiðja brætt að minnsta kosti 2000 mál sildar á sólarhring. Nær heimildin til þess að reisa stöðina svo fljótt, að hún geti tekið til starfa eigi síðar en í byrjun sildarvertíðar 1935.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram 100 þús. kr. til kaupa á hlutum í h/f Sildarbræðslunni á Seyðisfirði.

2. gr.

Ríkisstjórnin leitar nú þegar með auglýsingu eftir tillögum þeirra manna, er gert hafa út skip á herpinótaveiðar við Norðurland síðastliðið sumar, um það, hvar verksmiðjan skuli reist. Skal í auglýsingunni tiltekið, hvenær tillögurnar skuli síðast komnar.

3. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd rikissjóðs, allt að 1 milljón króna.

4. gr.

Um stofnun og starfrækslu verksmiðjunnar á Norðurlandi skal fara að öðru leyti eftir lögum nr. 49 7. maí 1928, lögum nr. 42 14. júní 1929 og lögum nr. 10 27. apríl 1932.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 25. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.